

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 87. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar miðvikudaginn 1. febrúar 1967, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 23. janúar 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.***L Ö G**

um samkomudag reglulegs Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.